



## 5. skref Grænna skrefa - leiðbeiningar

5. skref Grænna skrefa er mjög ólíkt hinum fjórum. Megintilgangur 5. skrefsins er að tryggja að viðhaldið verði öflugt umhverfisstarfi eftir að öll skref hafa verið uppfyllt. Með því að fylgja aðgerðum 5. skrefsins geta ríkisaðilar byggt upp umhverfisstjórnunarkerfi sem er aðlagð daglegum rekstri. Aðgerðirnar eru einfölduð útgáfa af ISO 14001 umhverfisstjórnunarkerfinu og því er auðvelt að bæta við og fá vottun samkvæmt staðlinum. Ríkisaðilar sem hafa fengið ISO 14001 vottun þurfa ekki að sýna fram á að skrefi 5 sé náð.

Hér að neðan verður stiklað á stóru varðandi helstu atriði 5. skrefsins.




## Hvað er umhverfisstjórnun og umhverfisstjórnunarkerfi?

Umhverfisstjórnun snýst um stjórnun umhverfisþátta í rekstrinum þar sem stöðugar umbætur eru hafðar að leiðarljósi. Í raun má segja að umhverfisstjórnun snúist um að formgera umhverfistarfið, þ.e.a.s að það sé sett í skipulegan farveg. Meginmarkmið umhverfisstjórnunar er að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfseminni með góðri stjórnun umhverfisþátta.

Umhverfisstjórnunarkerfi er umgjörð umhverfisstjórnunar. Slíkt kerfi felur m.a. í sér greiningu á þýðingarmiklum umhverfisþáttum í starfseminni, gerð umhverfis- og loftslagsstefnu, setningu mælanlegra markmiða og aðgerðaáætlunar. Mikilvægt er að stjórnendur úthluti hlutverkum og ábyrgð til starfsmanna og sömuleiðis að til séu skjalfestar verklagsreglur fyrir helstu þætti umhverfisstjórnunarkerfisins til að tryggja virkni þess. Skjalfestar verklagsreglur eru skriflegar upplýsingar sem er stýrt með útgáfunúmerum, dreifingu og varðveislu, þ.e. virk skjalastýring.

Umhverfisþáttur er hluti af starfsemi fyrirtækis, vöru eða þjónustu sem getur haft gagnkvæma verkun á umhverfið. Dæmi um umhverfisþætti í starfsemi ríkisaðila eru samgöngur, mötuneyti, orkunotkun, efnanotkun og pappírnotkun. Ýmsir aðrir umhverfisþættir geta verið mikilvægir í starfsemi ríkisaðila og ólíkir eftir hlutverki þeirra.

Umhverfisáhrif eru allar breytingar á umhverfinu, neikvæðar eða jákvæðar, sem að einhverju leyti stafa frá umhverfisþáttum fyrirtækis. Dæmi um neikvæð umhverfisáhrif eru losun gróðurhúsalofttegunda, minnkun líffræðilegs fjölbreytileika, eyðing náttúrulegra búsvæða og vatnsmengun.



Mynd 1. Einfölduð skýringarmynd af umhverfisstjórnunarkerfi.

## Hvernig byrjum við?

Með því að hafa farið í gegnum aðgerðir í skrefi 1-4 eru ríkisaðilar nú þegar komnar ansi langt í innleiðingu 5. skrefsins. Grænt bókhald, umhverfis- og loftslagsstefna og tilheyrandi markmiðasetning og aðgerðaáætlun eru dæmi um aðgerðir sem nú þegar hafa verið uppfylltar. Í einhverjum tilfellum gætu ríkisaðilar þó þurft að endurskoða eða uppfæra stefnuna, t.a.m. ef langt er liðið frá því að hún var fyrst sett. Gott fyrsta skref er samtalið við stjórnendur um umhverfisstjórnunarkerfið; hvernig þið sjáið fyrir ykkur að byggja það upp, hvernig aðkomu stjórnenda að kerfinu verður háttað og hvaða verklagsreglur þarf að skrifa og skjalfesta.

Við minnum á [leiðbeiningar um gerð umhverfis- og loftslagsstefnu](#) á heimasíðu Grænna skrefa.

## Hvaða lagakröfur á sviði umhverfismála snúa að starfsemi?

Þetta getur verið breytilegt milli ríkisaðilar og fer eftir málefnaviði þeirra. Í grunninn eru þó ákveðin lög og reglugerðir sem eiga við um hefðbundna skrifstofustarfsemi sem ættu að eiga við um alla ríkisaðila. Dæmi um þetta eru t.d. lög um meðhöndlun úrgangs, upplýsingalög og efnalög og reglugerð um fráveitur og skólp. Sérþakari lagakröfur eiga svo við um sérþakara starfsemi. Gott er að setja upp töflu þar sem hver lög/reglugerð eru tengd við þýðingarmikla umhverfisþætti, viðeigandi greinar í lögnum eru listaðar upp, tengsl laga og umhverfisþáttar eru útlustuð ásamt því hvernig farið er eftir viðkomandi lögum. [Hér](#) má sjá lista yfir stóran hluta laga og reglugerða sem geta átt við um starfsemi ríkisaðila.

## Hvaða atriði í ISO 14001 staðlinum eru ekki tekin fyrir í 5. skrefinu?

Dæmi um þá þætti ISO 14001 sem ekki eru teknir fyrir í aðgerðum 5.skrefsins eru t.d. mat á áhættu, skilgreining á hagsmunaaðilum, innri úttektir, samskiptaáætlun og mat á viðbrögðum við umhverfisslysum.

## Hvernig snúum við okkur ef við viljum ganga lengra og fá umhverfisstjórnunarkerfið vottað eftir ISO 14001 staðlinum?

Verkfræði- og ráðgjafastofur bjóða uppá aðstoð við innleiðingu ferla og vinnu við vottanir svo við mælum með að heyra í þeim.

## Af hverju ættum við að fá okkur ISO 14001 vottun?

Almennt getur skilvirk umhverfisstjórnun skilað sér í jákvæðari áhrifum á umhverfið, betri stjórnun, betri ímynd, bættara og öruggara vinnuumhverfi og sparnaði svo fátt eitt sé nefnt. Með því að fara alla leið í ISO 14001 vottun tryggjum við trúverðugleika, enda er kerfið vottað af óháðum þriðja aðila, ásamt því að við hámarkum gæðastýringu á þeim þáttum starfseminnar sem valda umhverfisáhrifum.

## Hvernig lýsum við fyrirkomulagi hveðrar aðgerðar í 5. skrefinu?

Sem fyrr er gott að lýsa hverri aðgerð á þann hátt að nýtt starfsfólk sem opnar gátlistann eftir 2 ár skilji hvernig aðgerðin var útfærð. Í 5. skrefinu þarf oft að vísa í skjöl og í úttekt Umhverfisstofnunar fáum við þá að sjá viðkomandi skjal, en við þurfum ekki að fá það sent.

Fyrir frekari spurningar hafið samband við [graenskref@graenskref.is](mailto:graenskref@graenskref.is)